

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um pest í Odessa o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 13. oktbr. 1902. (A. nr. 32, bls. 92—93).

Leyfisbrjef til að stofna hlutafjélagabanka á Íslandi, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. nóvbr. s. á. (A. nr. 33, bls. 94—101).

Lög um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, undirskrifuð af konungi 6. s. m. (A. nr. 34, bls. 102—117).

Lög um kjörgengi kvenna, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 35, bls. 118—119).

Lög um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. septbr. 1877, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 36, bls. 120—121).

Lög um að selja salt eptir vikt, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 37, bls. 122—123).

Lög um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð í Reykjavík, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 38, bls. 124—125).

Lög um helmingsuppgjöf eptirstöðva af láni til brúargjörðar á Ölfusá, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 39, bls. 126—127).

Lög um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 40, bls. 128—129).

Lög um löggilding verzlunarstadar við Flatey á Skjálfanda, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 41, bls. 130—131).

Lög um löggilding verzlunarstadar við Járngerðarstaðavík í Grindavík, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 42, bls. 132—133).

Löggilding verzlunarstadar við Óshöfn við Hjersðsflóa, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 43, bls. 134—135).

Auglýsing er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 27. ágúst þ. á. um bólusótt í Þórshöfn o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 7. s. m. (A. nr. 44, bls. 136—137).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnarvaldaauglýsingar. Með brjefi, dagsettu 22. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað tvær þingsályktanir, samþykktar af alþingi á síðustu samkomu þess, um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að einkarjettur til þess að birta stjórnarvaldaauglýsingar næstu 3 ár frá nýjári 1903 að telja verði veittur þeim af útgefendum hinna almennu frjettablaða í Reykjavík, er bjóða kynni hæst árlegt gjald til landsjóðs fyrir þennan rjett, að því tilskildu, að hver þumlungur dálkslengdar (2½ þuml. breiður) kosti ekki meira en 1 kr. með venjulegu meginmálsletri (corpus). Með þeirri athugasemd, að yður virðist efasamt, hvort ráðstöfun sú, er þingið æskir eptir, sje samræmileg við ákvæði opins brjef 27. maí 1859, hafið þjer skotið máli þessu til úrskurðar ráðaneytisins, en jafnframt hafið þjer

1. dag desembermánaðar 1902.

118 látið þess getið, að yður virðist sanni næst að reyna að koma því til leiðar, að aug-
3. nóv. lýsingagjaldið yrði sem lægst, þá er ræða væri um veiting umgetins einkarjettar.

Það skal tekið fram, að opið brjef 27. maí 1859 virðist eigi vera því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn fyrir Ísland velji til birtingar umræddum auglýsingum blað, sem fullnægir skilyrðum þeim, er þingsályktanirnar setja. Á hinn bóginn getur það eigi komið til tals að löggilda hvert það blað, sem fullnægir þessum skilyrðum, nje heldur hitt, að veita löggilding, sem sje óuppsegjanleg í 3 ár án tillits til þess, hvernig hlutadeigandi blað kemur fram að öðru leyti á þessu tímabili. Til þess nú að verða við óskum alþingis, þeim er koma fram í nefndum þingsályktunum, vill ráðaneytið veita yður heimild til: 1) að útvega framboð um árgjald, að tilskildu auglýsingagjaldi þingsályktananna, frá blöðum, þeim, er koma út í Reykjavík, og fullnægja að yðar álitu þeim skilyrðum, sem heimta verður af stjórnarvaldauglýsingablöðum, bæði að því er ritstjórn snertir, nægilega tíða útkomu og annan hag þeirra, og 2) að veita þareptir því hinna hlutadeigandi blada, sem hæst árgjald býður til landsjóðs, löggilding um þriggja ára tíma frá tímamarki að telja, er þjer tiltakið þannig að hæfilegur frestur veitist stjórnvaldauglýsingabladi því, er nú er. Þó skal það tilskilið, að ráðaneytinu fyrir Ísland sje heimilt að svipta með mánaðarfyrirvara hvenær sem er á hinu umgetna 3 ára tímabili blað það, er auglýsingarnar hlýtur, einkarjetti þessum, ef framkomu blaðsins er þannig háttað, að ráðaneytinu virðist tvísýnt að rjett sje að láta það halda áfram að flytja stjórnarvaldauglýsingar, en auðvitað fellur þá árgjaldið jafnskjótt burtu.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi hefir á samkomu sinni í ár eptir löglegan undirbúning samþykkt tvær samhljóða þingsályktanir, þar sem skorað er á laudstjórnina að hlutast til um, að einkarjettur til þess að birta stjórnarvaldauglýsingar næstu 3 ár frá nýjári 1903 að telja verði veittur þeim af útgefendum hinna almennu frjettablaða í Reykjavík, er bjóða kynni hæst árlegt gjald til landsjóðs fyrir þennan rjett, að því tilskildu, að hver þumlungur dálkslengdar ($2\frac{1}{2}$ þuml. breiður) kosti ekki meira en 1 kr. með venjulegu meginmálslestri (corpus).

Jafnframt því að senda hjer með þingsályktanir þessar bæði í þeim búningi, er þær fengu hjá alþingi, og í danskri þýðingu, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að mjer virðist efasamt, að þessi ráðstöfun, er alþingi óskar eptir, geti samrýmzt fyrir mælum opinu brjefs 27. maí 1859 um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum, þar sem svo er fyrir mælt um, að dómsmálaráðherrann skuli tiltaka, hvert blað í Reykjavík skuli flytja þessar auglýsingar. Þótt nú ekki þætti neitt vera því til fyrirstöðu, að bjóða mætti upp til undirboðs eða yfirboðs rjettinn til að flytja stjórnarvaldauglýsingar, þá ætti augnamið slíks undirboðs eða yfirboðs að minni skoðun að vera það, að fá lækk að sem mest auglýsingagjaldið, en eigi hitt að útvega landsjóði tekjur.

Með þessum athugasemdum skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að skjóta máli þessu til úrskurðar hins háa ráðaneytis.